

# Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

## FUNDARGERÐ

### 25. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga miðvikudaginn 26. ágúst árið 2009. Fundurinn fór fram að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13<sup>00</sup>.

Fundinn sátu:

Kolbeinn Kjartansson, Kristján Snæbjörnsson, Kristján Stefánsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **200908038 – Erindi frá Skútustaðahreppi**

Skútustaðahreppur sækir um byggingarleyfi fyrir 600 m<sup>3</sup> neysluvatnstank við hlið núverandi tanks. Tankurinn er steinsteyptur. Teikningar eru unnar af Fjarhitun hf. *Byggingarnefnd telur bygginguna í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Hún samþykkir því erindið með fyrirvara um skil á þinglýstum lóðarsamningi.*

2. **200908031 - Erindi frá Héðni Sverrissyni, Geiteyjarströnd 1, Skútustaðahreppi**

Héðinn Sverrisson sækir um endurnýjað byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhúsið að Geiteyjarströnd 1. Fjallað var um erindið á fundi byggingarnefndar 12. apríl 2005 og þá bókað:

- Óskað er eftir leyfi til að byggja við íbúðarhúsið að Geiteyjarströnd forstofu, stigahús og garðskála samtals 51,9 m<sup>2</sup> og jafnframt byggja eina hæð og ris ofan á húsið samtals 398,7 m<sup>2</sup>. Teikningar eru unnar af Teiknistofunni Óðinstorgi. Byggingarnefnd frestaði afgreiðslu erindisins á síðasta fundi sínum 23. febrúar 2005. Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að samþykkja erindið. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 28. apríl 2005 afgreiðslu byggingarnefndar.

*Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn byggingarleyfið verði endurnýjað.*

3. **200908030 - Erindi frá Gunnari Hallgrímssyni, Klambraseli, Þingeyjarsveit**

Gunnar Hallgrímsson sækir um byggingarleyfi fyrir 20 m<sup>2</sup> bjálkahús að Langavatni. Húsið er ætlað fyrir ferðaþjónustu. Teikningar eru unnar af ABS teiknistofu. *Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

4. **200908052 – Erindi frá Gunnari Hallgrímssyni, Klambraseli, Þingeyjarsveit**

Gunnar Hallgrímsson sækir um byggingarleyfi fyrir sauðfjárskýli, 30 m<sup>2</sup> bogaskemmu, að Langavatni. *Byggingarnefnd frestar afgreiðslu erindisins þar til fullnægjandi teikningar hafa borist.*

## ***Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.***

**5. 200908024 – Erindi frá Timbru ehf., Akureyri**

Timbra ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Stekkjarbyggð 20, Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús á steiptum grunni 83,7 m<sup>2</sup>, ásamt 40,1 m<sup>2</sup> svefnlofti. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.

*Byggingarnefnd telur húsið í samræmi við deiliskipulag og samþykkir því erindið.*

**6. 200908023 – Erindi frá Gunnlaugi Á. Ingólfssyni, Barrlundi 1, Akureyri**

Gunnlaugur Á. Ingólfsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Höfðabyggð E 15, Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús á steiptum grunni 83,7 m<sup>2</sup>, ásamt 40,1 m<sup>2</sup> svefnlofti. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.

*Byggingarnefnd telur húsið í samræmi við deiliskipulag og samþykkir því erindið.*

**7. 200908053 – Erindi frá Sigurlínu H. Halldórsdóttur, Nesi, Þingeyjarsveit**

Sigurlína H. Halldórsdóttir sækir um leyfi til að einangra og klæða að utan íbúðarhúsið að Nesi, Fnjóskadal og jafnframt rífa hlöðu áfasta húsinu. Klæðningarefni er litað trapisustál.

*Byggingarnefnd samþykkir erindin.*

**8. 200908059 – Erindi frá Hrafnhildi Björnsdóttur, Vættargili 24, Akureyri**

Hrafnhildur Björnsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Höfðabyggð E 24, Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er hlaðið á steiptum grunni 100,3 m<sup>2</sup> að stærð. Teikningar eru unnar af Birgi Ágústssyni verkfræðingi.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**9. 200908057 – Erindi frá Bjarna Reykjalín, Furulundi 19, Akureyri**

Bjarni Reykjalín óskar eftir leyfi til að breyta húsnæði sínu að Hallbjarnarstöðum í Reykjadal þannig að hluti húsnæðisins sem upphaflega var hlaða verði breytt í íbúð. Jafnframt er gluggum fjölgað og byggðar svalir vesturhlið hússins. Teikningar eru unnar af Bjarna Reykjalín arkitekt.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**10. 200908063 – Erindi frá Jónasi M. Ragnarssyni, Skógarhlíð 37, Akureyri**

Jónas Magnús Ragnarsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Höfðabyggð E 25. Breyting fá áður samþykktum teikningum þannig að bætt er við svefnlofti og gluggum fjölgað og breytt. Byggingarleyfi var áður samþykkt 13. desember 2007. Teikningar eru unnar af Birgi Ágústssyni verkfræðingi.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið, enda verði björgunarop skilgreind í gluggum svefnlofts.*

**11. 200908064 – Erindi frá Kolbeini Kjartanssyni, Hraunkoti 1, Þingeyjarsveit**

Kolbeinn Kjartansson sækir um byggingarleyfi fyrir vélageymslu að Hraunkoti 1. Byggingin er bogaskemma, stálgrindarhús á steiptum grunni 70 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikning er unnin af Gauki Hjartarsyni byggingarverkfræðingi.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

*Kolbeinn og Gaukur viku af fundi við afgreiðslu þessa erindis.*

## ***Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.***

### **12. 200908071 – Erindi frá Sveinbirni Guðmundssyni, Skessugili 16, Akureyri**

Sveinbjörn Guðmundsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð úr landi Fagraness. Húsið er timburhús 30,3 m<sup>2</sup> að stærð. Teikning er unnin af Ágústi Hafsteinssyni arkitekt á Form. Húsið hefur verið á stöðuleyfi á þessum stað síðan 2005 sem nú er útrunnið.

*Samkvæmt afstöðumynd er húsið staðsett nær vatnsbakka en 50 m, sem gert var ráð fyrir við samþykki stöðuleyfis. Nefndin leggur því til við sveitarstjórn að ekki verði samþykkt varanlegt leyfi fyrir húsinu á þessum stað.*

### **13. 200908075 – Erindi frá Maron Björnssyni, Lerkilundi 36, Akureyri**

Maron Björnsson sækir um byggingarleyfi fyrir geymslu við frístundahúsið að Stekkjarbyggð 23. Geymslunni var áður hafnað á fundi nefndarinnar 24. september 2008, þar sem stærð hennar braut í bága við deiliskipulag. Nú liggur fyrir áritað samþykki landeiganda. Geymslan er 34,8 m<sup>2</sup> að grunnfleti.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14<sup>40</sup>.

Kolbeinn Kjartansson  
Kristján Snæbjörnsson  
Kristján Stefánsson  
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi